

Getum við aðstoða?

Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2016

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	5
Svipmyndir af mörkuðum	8
Staða neytenda á fjármálamarkaði	32
Það sem hefur breyst	52
Verðbréfamarkaður	59
Hagræðing og rekstur grunninnviða	64
Samtök fjármálafyrirtækja	68
Aðildarfélög	70

Fjármálageirinn á breyttum tímum

Þáttaskil urðu í íslensku efnahagslífi þegar stór skref í átt að afnámi fjármagnshafta voru tekin á þessu ári. Þessi skref munu skapa heilbrigðari skilyrði fyrir vöxt og viðgang efnahagslífsins til frambúðar. Mikilvægt er að hafa í huga að sterk staða íslenskra fjármálafyrirtækja er ein af mikilvægustu forsendum þess að stjórnvöldum hefur tekist að afnema höftin án þess að fjármálastöðugleika sé ógnað.

Ráðist hefur verið í viðamiklar breytingar á regluverki fjármála- markaða í Evrópu og hafa þær verið innleiddar í íslensk lög. SFF hafa stutt þessar breytingar og eru sammála markmiðum þeirra. Samtökin leggja hins vegar áherslu á að stjórnvöld forðist að bæta við regluverkið séríslenskum reglum sem kunna að grafa undan samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og auka kostnað fjármálaþjónustu heimila og fyrirtækja.

Þrátt fyrir að þessar viðamiklu breytingar hafi verið innleiddar hér á landi hefur umræðan um eðli þeirra og markmið ekki verið hávær.

Aftur á móti hefur umræðan um nauðsyn breytinga á skipulagi fjármálamarkaða verið áberandi.

Ýmsar hugmyndir um róttækar breytingar hafa verið settar fram sem oftast en ekki hafa verið



Birna Einarsdóttir,
formaður stjórnar Samtaka fjármálafyrirtækja.

rökstuddar á þeim forsendum að hér hafi ekkert breyst frá árinu 2008. Við sem störfum í fjármála-geiranum heyrum því reglulega fleygt fram að þetta sé ennþá allt eins eða þá að allt sé að steypast í sama farið. Þetta á ekki við rök að styðjast. Það hefur heilmikið breyst og fjármálakerfið sem við búum við í dag er í grundvallaratriðum frábrugðið því sem áður var.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið snúa ekki eingöngu að eftirliti og starfsumhverfi fjármálafyrirtækjanna. Miklar breytingar hafa einnig verið gerðar á lögum og reglum sem tengjast neytendum á fjármálamarkaði síðustu átta ár. Markmið stjórnvalda hefur verið að treysta neytendavernd og tryggja að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja fái faglega þjónustu. SFF eru fylgjandi því að efla neytendavernd á fjármálamarkaði hér á landi með sama hætti og gert hefur verið í Evrópu. Allir geta verið sammála um markmið þessara breytinga en það er einnig mikilvægt að huga að því hvort tilsjón löggjafans sé farin að koma niður á eðlilegum sveigjanleika fjármálaþjónustu til viðskiptavina. Í þessu samhengi má nefna að umræðan á vettvangi Evrópusambandsins hefur í auknum mæli beinst að því hvort of langt hafi verið gengið í reglusetningu með þeim afleiðingum að geta fjármálafyrirtækja til þess að sinna miðlunarhlutverki sínu og umbreyta sparnaði í fjárfestingu sé orðin skert.

Fjármálalæsi og gæði fjármálaþjónustu eru mikilvæg þegar kemur að eflingu neytendaverndar á fjármálamarkaði. SFF hafa unnið skipulega að eflingu gæða fjármálaþjónustu í samstarfi við háskólasamfélagið. Nú hafa hátt í 200 starfsmenn hlotið vottun sem fjármálaráðgjafar og ríflega 50 sem vottaðir vátryggingastarfsmenn. SFF hafa einnig staðið að fjármálafræðslu ungmenna í grunnskólum landsins með því að halda úti verkefninu Fjármálaviti í rúm tvö ár. Um er að ræða sérstakt námsefni í fjármálafræðslu til kennslu í efstu bekkjum grunnskóla landsins. Á hverjum vetri undanfarin þrjú ár hafa um 100 starfsmenn aðildarfélaganna heimsótt skóla um allt land

og farið yfir námsefnið með nemendum í 10. bekk. Viðtökur nemenda og kennara við þessum heimsóknum hafa verið framar björtustu vonum og eru SFF mikil hvatning til að halda áfram á þessari braut.

Grundvallarhlutverk fjármálakerfisins er að styðja við efnahagslífið. Jöfn samkeppnisskilyrði ólíkra fjármálafyrirtækja ásamt frelsi til viðskipta eru forsenda þess að íslensk fjármálafyrirtæki geti stutt við heimilin og fyrirtækin og þar með lagt sitt af mörkum við að efla almenna hagsæld. Stjórnámálamenn mættu oftari leiða hugann að þessu. Einn helsti vandi aðildarfélaga SFF í dag er hin mikla skattlagning sem lögð er á geirann. Alls greiddu aðildarfélög SFF meira en 38 milljarða í skatta og gjöld í fyrra. Þar af námu ótekjutengd gjöld ríflega 19 milljörðum króna. Svo íþyngjandi skattlagning þekkist ekki í Evrópu og er til þess fallin að grafa verulega undan samkeppnishæfni íslenska fjármálageirans. Þannig eru sérstakir skattar á íslensk fjármálafyrirtæki tíu sinnum hærrí sem hlutfall af landsframleiðslu en í þeim fáu Evrópulöndum sem hafa á annað borð tekið upp slíka skatta. Íslensk fjármálafyrirtæki vilja vera ábyrg og greiða eðlilega skatta en þau þurfa að búa við sambærilegt skattaumhverfi og tíðkast í nágrannalöndunum til að vera samkeppnishæf.

Staða íslensks efnahagslífs er um margt góð um þessar mundir. Tækifæri til frekari sóknar eru til staðar og fjármálageirinn vel í stakk búinn til þess að styðja við bakið á hagkerfinu. En þrátt fyrir meðbyr um þessar mundir er mikilvægt að stíga varlega til jarðar enda geta veður skipast skjótt í lofti. Það er einmitt inntakið af lærdómnum sem menn drógu af fjármálakreppunni og þar af leiðandi á íslenski fjármálageirinn að vera betur í stakk búinn en áður til þess að takast á við breyttar aðstæður.

Pannig keppa aðildarfélög SFF við erlend lánafyrirtæki, ríkisrekin fyrirtæki og íslenska lífeyrissjóði þegar kemur að lánastarfsemi og önnur erlend félög þegar kemur að lífeyrissparnaði svo einhver dæmi séu tekin.

Svipmyndir af markaði

Þrátt fyrir að aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja samanstandi af viðskiptabönkum, váttryggingafélögum, verðbréfafyrirtækjum og sjóðum, kortafyrirtækjum og öðrum tegundum fjármálafyrirtækja hvílir íslenskur fjármálamarkaður á fleiri stöðum. Þetta þýðir með öðrum orðum að aðildarfélög SFF eiga ekki eingöngu í samkeppni sín á milli heldur etja þau kappi við erlend fjármálafyrirtæki og aðrar tegundir innlendra fjármálafyrirtækja.

Þannig keppa aðildarfélög SFF við erlend lánafyrirtæki, ríkisrekin fyrirtæki og íslenska lífeyrissjóði þegar

kemur að lánastarfsemi og önnur erlend félög þegar kemur að lífeyrissparnaði svo einhver dæmi séu tekin.

SFF hafa frjálsa samkeppni og frjálsan markað í fjármálastarfsemi í forgrunni í störfum sínum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, og vinna að jöfnum skilyrðum fyrir öll fjármálafyrirtæki sem keppa á sama markaði, án tillits til stærðar og eignarhalds.

Þegar horft er til samkeppnisumhverfisins kemur í ljós að aðildarfélög SFF búa að mörgu leyti við óhagstæðari rekstrarskilyrði en erlend fjármálafyrirtæki annars vegar og aðrir innlendir aðilar sem stunda lána-

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007 til 2016

– Gögn ná til allra aðildarfélaga SFF

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Iðgjald Tryggingarsjóður innstæðueigenda	1.316	3.068	2.415	2.421	4.142	3.230	3.152	3.152	3.261	3.100
Sérstakur skattur v/vaxtangr. (0,0875% skulda)					1.959	2.210	0	0	0	0
Tryggingagjald	2.312	2.972	2.204	2.681	3.313	3.261	3.494	3.508	3.410	3.499
Tekjuskattur	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	7.011	9.837	14.399	15.320	12.955
Fasteignagjöld		639	733	317	328	291	224	259	211	209
Almennt eftirlitsgjald v. Fjármálaeftirlits	483	665	538	654	1.000	1.216	1.198	1.107	1.124	1.163
Gjöld vegna viðbótareftirlits	0	273	1.824	183	39	16	15	13	13	9
Fjármálaeftirlit samtals	483	938	2.363	837	1.039	1.232	1.218	1.120	1.137	1.172
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0	0	0	994	1.006	1.089	6.424	8.425	8.562	8.705
UMS / Ráðgjafarstofa heimilanna		20	26	247	624	630	651	403	316	235
Fjársýsluskattur (Nú 5,5% af launum)						2.186	2.980	2.531	2.407	2.469
Sérstakur fjársýsluskattur (6% af hagnaði < 1 ma.kr.)						1.626	2.711	4.201	3.745	3.738
SAMTALS ÖLL GJÖLD	21.635	25.059	16.111	28.277	25.080	22.766	30.691	37.998	38.369	36.082

9


SFF

Skattar, gjöld og iðgjöld til TIF

– 2007 til 2016

Ótekjutengd Tekjutengd

Opinber gjöld á fjármálageirann hafa tvöfaldast á undanförunum átta árum. Þar munar mest um jafna og sígandi hækkun ótekjutengdra gjalda, sem nú eru hærri en hin tekjutengdu.



	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Ótekjutengd gjöld	4.111	7.638	7.741	7.497	12.411	14.129	18.143	19.398	19.304	19.389
Tekjutengd gjöld	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	8.637	12.548	18.600	19.065	16.693

Allar upphæðir eru í milljónum króna. Tölur eru byggðar á beinum upplýsingum frá aðildarfyrirtækjum. Tölur fyrir 2016 eru að áætlaðar fyrir nokkur minni fyrirtæki. Iðgjald til TIF 2015 er byggt á áætlun sjóðsins.

**Í alþjóðlegu
samhengi sést að
skattlagning á íslensk
fjármálafyrirtæki er
mun meira íþyngjandi
en þekkist í öðrum
ríkjum Evrópu.**

starfsemi og aðra fjármálastarfsemi hins vegar. Þetta endurspeglast fyrst og fremst í skattaumhverfi aðildarfélaganna og áherslum stjórnvalda á að flétta séríslenskum ákvæðum inn í lög sem innleiða tilskipanir og gerðir ESB um fjármálamarkaðinn.

Alls greiddu aðildarfélög SFF meira en 38 milljarða í skatta og gjöld í fyrra. Þar af námu ótekjutengd gjöld ríflega 19 milljörðum króna. Áætlanir

gera ráð fyrir að aðildarfélögin muni greiða sambærilega upphæð í ótekjutengd gjöld á þessu ári en útlit er fyrir að heildarskattgreiðslur verði um 35 milljarðar króna. Lækkunin milli ára skýrist af lægri tekjum aðildarfélaganna og þar af leiðandi lægri tekjuskatti.

Í alþjóðlegu samhengi sést að skattlagning á íslensk fjármálafyrirtæki er mun meira íþyngjandi en

Yfirlit yfir starfsskilyrði keppinauta á lánamarkaði

	Viðskipta- bankar og sparisjóðir	Íbúðalána- sjóður	Lánasjóð- ur sveitar- félaga	Lífeyris- sjóðir	Vá- trygginga- félög	Eignaleig- ur	Kortafyr- ritæki	Verðbréfa- fyrirtæki
Starfsleyfi frá FME	●		●	●	●	●	●	●
Eftirlit frá FME og eftirlitsgjald	●	●	●	●	●	●	●	●
Tekjuskattur	●				●	●	●	●
Ríkisábyrgð		●						
Fjársýsluskattur, almennur	●	●			●	●	●	●
Fjársýsluskattur, sérstakur	●		●		●	●	●	●
Bankaskattur	●					●		
Umboðsmaður skuldara	●	●	●	●	●	●	●	●
Eiginfjárhlutfall	●	●			●	●	●	●
Lausafjárhlutfall	●		●		●	●	●	●
Bindiskylda	●				●			
Úrskurðarnefnd	●							
Reglur um kaupauka	●				●	●	●	●

þekkist í öðrum ríkjum Evrópu. Auk þess eru lagðir mun fleiri sérstakir skattar á íslensk fjármálafyrirtæki en tíðkast annars staðar. Jafnframt eru þeir mun hærrí en í þeim einstöku löndum sem hafa lagt á slíka skatta. Þannig eru sérstakir skattar á íslensk fjármálafyrirtæki tíu sinnum hærrí sem hlutfall af landsframleiðslu en í þeim fáu löndum sem hafa á annað borð tekið upp slíka skatta.

Mikil skattlagning er til þess fallin að hafa áhrif á kostnað fjármálaþjónustu þegar til lengri tíma er litið. Þau áhrif geta komið fram í ósjálfbærum rekstri fjármálafyrirtækja, auknum vaxtakostnaði og að fjármálaþjónusta verði dýrari en efni standa til.

Þar sem þessir skattar eru ekki lagðar á alla lánveitendur hér á landi skekkir skattlagningin samkeppnisstöðu á markaði verulega. Umsvif lífeyrissjóða á fasteignalánamarkaði hafa vaxið mikið á undanförunum misserum. Það sama gildir um lána-starfsemi erlendra banka sem eðli málsins samkvæmt greiða ekki skatta og gjöld á Íslandi. Þeir hafa aukið markaðshlutdeild sína hér á landi



umtalsvert á síðustu árum og þá fyrst og fremst þegar kemur að lánveitingum til stærri innlendra fyrirtækja.

Áætlað er að sérstök skattlagning fjármálafyrirtækja hér á landi á árinu 2016 nemi rúmum 17 milljörðum króna. Þá eru ekki meðtalin gjöld vegna opinbers eftirlits, Umboðsmanns skuldara (UMS) eða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Til samanburðar má nefna að vaxtamunur bankanna þriggja nam um 87 milljörðum króna á árinu 2015. Sérstök skattlagning nemur því um fimmtungi af vaxtamun

Þar sem þessir skattar eru ekki lagðar á alla lánveitendur hér á landi skekkir skattlagningin samkeppnisstöðu á markaði verulega.

12 | SRF

Samtals námu allir skattar og gjöld fjármálafyrirtækja sem ákveðin eru með lögum um 38,4 milljörðum króna á árinu 2015 eða um 6,3% af heildartekjum ríkissjóðs.



bankanna. Séu gjöld vegna eftirlits, UMS og TIF meðtalin nemur þetta hlutfall um 25%. Hér eru auðvitað ekki meðtaldir aðrir almennir skattar sem eru lagðir á fjármálafyrirtæki, svo sem tekjuskattur og tryggingagjald svo dæmi séu tekin. Samtals námu allir skattar og gjöld fjármálafyrirtækja sem ákveðin eru með lögum um 38,4 milljörðum króna á árinu 2015 eða um 6,3% af heildartekjum ríkissjóðs. Það er þung byrði fyrir atvinnugrein þar sem 4500 manns starfa eða um 2,4%

af starfandi á vinnumarkaði. Um er að ræða þrjá skatta: sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, fjársýsluskatt og sérstakan fjársýsluskatt. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki leggst á skuldahlíð fjármálafyrirtækja. Fjársýsluskattur leggst á launagreiðslur fjármálafyrirtækja og sérstakur fjársýsluskattur er lagður á hagnað umfram einn milljarð. Af þessum sköttum er sérstaki fjársýsluskatturinn þungbærastur þar sem hann hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað lánafyrirtækja.



Skatturinn var hækkaður tímabundið á árinu 2013 og er 0,376% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja. Í raun hækkar hann fjármögnunarkostnað fjármálafyrirtækja sem skatturinn nær til um samsvarandi hlutfall. Áður hafði skatthlutfallið verið 0,041% af skuldum. Skatthlutfallið var hækkað í því skyni að mæta hluta kostnaðar vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra fasteignalána og áformað var að tímabundin hækkun hans myndi ná til árana 2014 – 2017.

Í þingsályktun um 5 ára áætlun í ríkisfjármálum er horfið frá þeim áformum. Þar er boðað að skatturinn verði ekki lækkaður fyrr en árið 2020 og þá í fjórum jöfnum skrefum fram til ársins 2023. Stjórnvöld rökstyðja þá ákvörðun með vísun í framleiðsluspennu og eftirspurnarþenslu í hagkerfinu. Ljóst er að þau rök halda ekki vatni þegar kemur að þáttum eins og fasteignalánamarkaðnum þar sem skatturinn er ekki lagður á lífeyrissjóði sem veita fasteignalán.

Þar er boðað að skatturinn verði ekki lækkaður fyrr en árið 2020 og þá í fjórum jöfnum skrefum fram til ársins 2023.



Engin umræða virðist vera á vettvangi ESB um upptöku skatts á launagreiðslur og hagnað sem væri hliðstæður fjársýsluskattinum hér á landi.

Skattlagning fjármálafyrirtækja í Evrópusambandinu

Nú er ljóst hvaða stefnu sérstök gjaldtaka á fjármálafyrirtæki mun taka innan ESB. Eftir að hafa gælt við ýmsar hugmyndir, svo sem skatt á einstök fjármálaviðskipti (e. Financial Transaction Tax, FTT), eða skatt á launagreiðslur og hagnað (e. Financial Activity Tax, FAT), er niðurstaðan gjaldtaka sem beinist að heildarskuldum með frádrætti vegna eiginfjár, skuldum með eiginfjáreiginleika, skuldum milli samstæðuaðila og vernduðum innstæðum (e. covered deposits). Þetta er gjarnan nefnt fjármálastöðugleikagjald (e. Financial Stability Charge, FSC). Það er efnislega hliðstætt hinum sérstaka skatti á fjármálafyrirtæki hér á landi. Um er að ræða hlutfallslegt gjald sem samanstendur af gjaldi (%) sem leggst eins á alla og viðbótargjaldi sem tekur tillit til áhættu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Gjaldið rennur í stöðugleikasjóði sem upphaflega eru séreign aðildarríkja en munu á næstu 8 árum renna saman í einn evrópskan sjóð.

Þó eru enn í umræðunni innan Evrópusambandsins hugmyndir um upptöku skatts á

fjármálaviðskipti (FTT), en stuðningur við þá skattlagningu virðist bundinn við minnihluta aðildarríkja (11 ríki af 28). Það í sjálfu sér veikir hugmyndina þar sem hætta er á að fjármálaviðskipti færist á milli landa innan ESB og þá til þeirra ríkja sem ekki beita skattinum. Almennt er talið ólíklegt að af þessum áformum verði.

Engin umræða virðist vera á vettvangi ESB um upptöku skatts á launagreiðslur og hagnað (FAT) sem væri hliðstæður fjársýsluskattinum hér á landi. Tvö lönd eru, eins og kunnugt er, með hliðstæða skatta, Danmörk og Frakkland. Gjaldstofninn er í báðum tilvikum laun.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu eru tiltölulega fá lönd í Evrópu sem hafa tekið upp sérskatta á fjármálafyrirtæki á undanförunum árum. Með innleiðingu tilskipunarinnar um endurhæfingu og skil fjármálafyrirtækja (BRRD) innan ESB verður breyting á þar sem öll aðildarríki ESB þurfa að byggja upp stöðugleikasjóð skv. tilskipuninni. Markmið tilskipunarinnar er að sjóður nái 1%

Yfirlit um sérstaka skatta á fjármálafyrirtæki í öðrum löndum

	Heiti	Ár	Gjaldstofn	Skatthlutfall	Frádráttar- bær	Tekjur sem % af VLF	Viðtakandi
Danmörk	<i>Lønsumsafgift</i>	1988	Allar launagreiðslur og iðgjöld til lífeyrissjóða	13.60%	Já	0,25 - 0,3%	SRF
Svíþjóð	<i>Stabilitetsavgift</i>	2009	Skuldir að frádregnu eigin fé	0.04%			Stabilitetsfonden
Dýskaland	<i>Bankenabgabe</i>	2011	Skuldir að frádregnu eigin fé og innstæðum almennings. Skattstofn undir €300 m. undanþeginn skatti.	Flókin kvarði, hámark 20% af hagnaði.		0,02%	Restruktureringufonds
Bretland	<i>Bank levy</i>	2010	Skuldir að frádregnu eigin fé, vernduðum innstæðum o.fl. umfram £20 m.	0,21% (0,156%)		0,06%	Treasury
Frakkland	<i>Taxe sur les salaires</i>	1948	Launagreiðslur, stighækkandi eftir fjárhæð.	4,25 - 13,6%	Já	0,60%	Le Bourse d'Etat
Ísland	<i>Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki</i>	2010	Skuldir	0,376% (0,041%)	Nei	0,50%	Ríkissjóður
	<i>Fjársýsluskattur</i>	2011	Launagreiðslur	5.50%	Nei	0,15%	Ríkissjóður
	<i>Sérstakur fjársýsluskattur</i>	2011	Hagnaður umfram 1 ma.kr.	6%	Nei	0,10%	Ríkissjóður
Evrópusambandið	<i>Contribution to the Single Resolution Fund</i>	2015	Skuldir að frádregnu eigin fé, skuldum innan samstæðu og vernduðum innstæðum.	Grunniðgjald + áhættuvegið iðgjald	Já	—	Single Resolution Fund


af vernduðum innstæðum (e. covered deposits) á næstu átta árum. Nánari útfærsla á iðgjöldum liggur ekki fyrir en áformað er að þau verði blanda af grunniðgjaldi og iðgjaldi sem tekur tillit til ýmissa áhættuþátta í rekstri og efnahag einstakra fjármálafyrirtækja.

Sé tekið lauslegt dæmi miðað við stöðuna hér á landi myndi 1% af vernduðum innstæðum samsvara um 5 til 6 ma.kr. og þeirri sjóðupp-

byggingu mætti dreifa á 8 ár. Það myndi þýða miklu minni gjaldtöku en verið hefur hér á landi, jafnvel þótt miðað væri við grunngjaldið hér, þ.e. 0,041%. Átta ára uppsöfnun myndi skila um 0,33% af heildarskuldum sem lauslega myndu skila sjóði sem væri um 1,5% - 2% af vernduðum innstæðum. Þá er miðað við að verndaðar innstæður séu um 500-600 ma.kr. og heildarskuldir um 3000 ma.kr..


Rekstrarkostnaður FME

– og stærð bankakerfisins sem margfeldi af VLF



Eftirlitsgjald FME

– krónur og hækkun frá 2015



Eignir bankakerfisins telja um 3800 milljarða króna eða sem nemur 1,7-faldri landsframleiðslu ársins 2015. Íslenska bankakerfið er því ekki hlutfallslega stórt miðað við landsframleiðslu í samanburði við bankakerfi vestrænna ríkja. Þannig er það umtalsvert minna en bankakerfi evruríkjanna að meðaltali.

Stórfelld hækkun eftirlitsgjalds

Þetta er mikil breyting frá því sem áður var. Þannig var íslenska bankakerfið áttföld landsframleiðsla þegar það var sem stærst og alþjóðlega umsvifamest á árunum 2007 til 2008. Þrátt fyrir að íslenska bankakerfið hafi minnkað mikið hefur kostnaður fjármálafyrirtækja vegna opinbers

eftirlits hækkað mikið á undanförunum árum. Þannig nam rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins 1,1 milljarði árið 2010 en var kominn í ríflega 1,9 milljarða árið 2015. Nemur því hækkunin 800 milljónum.

Fjármálafyrirtæki standa straum af rekstri FME með því að greiða svokallað eftirlitsgjald. Eftirlitsgjaldið nam 1,6 milljörðum árið 2015 og samkvæmt áætlunum verður það 4% hærra á þessu ári, en samkvæmt rekstraráætlun FME fyrir næsta ár er lögð til stórfelld hækkun á gjaldinu. FME leggur til að fjármálafyrirtæki greiði ríflega 2,2 milljarða í eftirlitsgjald á næsta ári og er því um að ræða hækkun um þriðjung frá þessu ári.


Þrátt fyrir að íslenska bankakerfið hafi minnkað mikið hefur kostnaður fjármálafyrirtækja vegna opinbers eftirlits hækkað mikið á undanförunum árum.



Eiginfjárlutfall A

– samanburður á íslenskum bönkum og evrópskum

Heimild: Seðlabanki Íslands og EBF



Eiginfjárlutföll íslensku bankanna eru nú um 28,8% en 13,6% að meðaltali í Evrópu samkvæmt tölum frá Evrópsku bankasamtökunum.

Íslenski fjármálageirinn í alþjóðlegu samhengi

Þegar horft er til íslensku bankanna kemur sterk staða þeirra í alþjóðlegu samhengi í ljós. Sterk staða íslensks fjármálamarkaðar er ein af grundvallarforsendum þess að stjórnvöld hafa nú tekið síðustu skrefin í átt að losun fjármagnshafta. Þessi skoðun er staðfest í fjármálastöðugleikaskýrslum Seðlabankans á árinu. Í stuttu máli má segja að niðurstaða skýrslunnar haustið 2015 sé sú að íslenska fjármálakerfið standi traustum fótum og sé vel í stakk búið til þess að sinna grundvallarhlutverki sínu


sem snýst um að umbreyta sparnaði í fjárfestingu og styðja við efnahagslegan framgang þjóðarbúsins.

Þrátt fyrir að eiginfjárlutfall bankanna hafi lækkað lítillega á undanförunum misserum – fyrst og fremst vegna arðgreiðslna – þá er það að meðaltali mjög hátt og með því mesta sem sést meðal evrópskra banka. Eiginfjárlutföll íslensku bankanna eru nú um 28,8% en 13,6% að meðaltali í Evrópu samkvæmt tölum frá Evrópsku bankasamtökunum (EBF). Samanlagt var eigið fé þriggja stærstu viðskiptabankanna 655 milljarðar króna í lok júní 2016.

Þróun eiginfjárlutfalls viðskiptabankanna

– frá 2009


Heimild: Seðlabanki Íslands



Arðsemi eigin fjár

– samanburður á íslenskum bönkum og evrópskum

Heimild: Seðlabanki Íslands og EBF



Arðsemi eigin fjár

– í júní 2016

Íslenskir bankar	10,32%
Danske Bank A/S (DK)	11,87%
DnB ASA (NO)	10,39%
Nordea Bank AB (publ) (SE)	11,91%
Arbejdernes Landsbank A/S (DK)	-0,65%
Storebrand Bank ASA (NO)	7,21%

Kostnaðarhlutfall

– Kostnaður sem hlutfall af tekjum

Íslenskir bankar	61,83%
Danske Bank A/S (DK)	52,09%
DnB ASA (NO)	40,50%
Nordea Bank AB (publ) (SE)	50,72%
Arbejdernes Landsbank A/S (DK)	113,52%
Storebrand Bank ASA (NO)	60,51%

Þrátt fyrir að áhrif óreglulegra þátta á borð við virðisbreytingar lána og eignasölu á afkomu bankanna hafi farið ört minnkandi á undanförunum árum er afkoma íslensku bankanna góð í erlendum samanburði. Að meðaltali skiluðu bankarnir 10,32% arðsemi á eigið fé í samanburði við 4,80% að meðaltali hjá evrópskum bönkum í fyrra. Rétt er að benda á að staðalfráviknið frá meðaltalinu er mikið í úttekt

Arðsemi eigna

– í júní 2016

Íslenskir bankar	2,15%
Danske Bank A/S (DK)	0,55%
DnB ASA (NO)	0,69%
Nordea Bank AB (publ) (SE)	0,53%
Arbejdernes Landsbank A/S (DK)	-0,08%
Storebrand Bank ASA (NO)	0,51%

Skuldsetning

– skuldir sem hlutfall af eigin fé

Íslenskir bankar	3,88%
Danske Bank A/S (DK)	21,03%
DnB ASA (NO)	12,51%
Nordea Bank AB (publ) (SE)	21,27%
Arbejdernes Landsbank A/S (DK)	7,47%
Storebrand Bank ASA (NO)	12,81%

EBF eða tæplega tíu. Þetta þýðir með öðrum orðum að gríðarlegur munur er á afkomu bankageirans frá einu Evrópulandi til annars. Þannig var arðsemi af eigin fé neikvæð um fjórðung í ríkjum eins og Ungverjalandi og Portúgal í fyrra meðan hún var jákvæð um ríflega 12% í Tékklandi, Lettlandi og Svíþjóð árið 2015.


Eins og fram kemur í haustútgáfu Fjármálastöðugleika Seðlabankans

Þá er arðsemi eiginfjár íslensku bankanna í takti við arðsemi nokkurra norrænna banka. Í þeim samanburði er hins vegar rétt að hafa í huga að eiginfjárhlutföll íslensku bankanna eru mun hærri en í viðkomandi bönkum. Þetta sést ágætlega þegar litið er til skulda sem hlutfalls af eigin fé. Þar er hlutfallið 3-5 sinnum hærra hjá norrænu bönkunum en þeim íslensku. Þar af leiðandi gefur samanburður á arðsemi eigna skýrari mynd í samanburðinum en arðsemi eigna íslensku bankanna var 2,15%

Ávöxtunarkrafa

– á erlendum skuldabréfum viðskiptabankanna í evrum

Heimild: Bloomberg



Samanburður á erlendri fjármögnun banka

– Skráð erlend fjármögnun með tilliti til heildareigna og meðalefirtstöðvatíma

	Meðalefirt- stöðvatími (ár)	Hlutfall efnahagsreiknings	Útistandandi
Arion banki (sep.16)	3,42	14,77%	152,91
Íslandsbanki (sep.16)	2,74	12,98%	132,02
Landsbankinn (sep.16)	3,34	10,40%	114,06
Arion banki (2015)	2,64	5,97%	60,13
Íslandsbanki (2015)	2,32	6,90%	72,16
Landsbankinn (2015)	2,90	4,54%	50,80


Heimildir: Nasdaq á Íslandi, Seðlabanki Íslands.

Þegar reiknað er hlutfall af tekjum eins og Seðlabankinn gerir gefur það ekki eins skýra mynd og þegar það er reiknað af eignum.

Hrein ný útlán innlánsstofnana

– eftir gerð og verðtryggingu

Heimild: Bloomberg



að meðaltali meðan hún var á bilinu 0,5-0,7% í norrænu bönkunum í úrtakinu.

Kostnaðarhlutfall íslensku bankanna er umtalsvert hærra en hinna norrænu þegar litið er til kostnaðar sem hlutfalls af tekjum. Þegar reiknað er hlutfall af tekjum eins og Seðlabankinn gerir gefur það ekki eins skýra mynd og þegar það er reiknað af eignum. Tekjur fjármálafyrirtækja eru eðli málsins samkvæmt sveiflukenndari en efnahagur. Þegar kostnaður sem hlutfall af efnahag er skoðaður verður samanburðurinn íslensku bönkunum hagstæðari.

Erlendir markaðir opnast

Sterk staða fjármálakerfisins og þau skref sem stjórnvöld hafa stigið í átt að fullu afnámi fjármagnshafta endurspeglast í þeirri staðreynd að vaxtakjör bankanna á erlendum mörkuðum hafa batnað umtalsvert á árinu.

Ávöxtunarkrafa erlendrar skuldaþréfaútgáfu bankanna hóf að lækka á fyrstu mánuðum ársins og í kjölfar þess að matsfyrirtækið Standard & Poor's gaf það út að horfurnar með lánshæfismat bankanna væru jákvæðar. Þær horfur raungerðust svo í október þegar S&P hækkaði lánshæf-

ismat bankanna. Matið á langtíma-skuldum bankanna var hækkað úr BBB- í BBB með jákvæðum horfum og skammtímaskuldbindingarnar fóru úr A-3 yfir í A-2, einnig með jákvæðum horfum. Kjörin á erlendri lánsfjármögnun bankanna bötnuðu enn frekar eðli málsins samkvæmt í kjölfar ákvörðunar S&P.

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa nýtt hagstæð kjör á erlendum mörkuðum á árinu með útgáfu erlendra skuldabréfa. Í apríl gaf Arion banki út 300 milljónir evra til þriggja ára. Útgáfan var seld á 270 punkta ofan á millibankavexti sem var 40 punktum hagstæðara en sambærileg útgáfa bankans ári áður. Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn gáfu út skuldabréf í evrum í september. Báðar útgáfurnar námu 500 milljónum evra. Skuldabréf Íslandsbanka var til fjögurra ára og var selt á 200 punkta yfir millibankavöxtum. Landsbanka-útgáfan var til fjögurra og hálfis árs og var skuldabréfið selt með 190 punkta álagi.

Þrátt fyrir greiðara aðgengi fjármálafyrirtækja að erlendu

lánsfé, trausta stöðu bankanna og uppgang í hagkerfinu hefur útlánavöxtur verið lítill og undir hagvexti. Vöxturinn hefur verið meiri í útlánnum til fyrirtækja – þá fyrst og fremst til fyrirtækja í ferðaþjónustu – en til heimila enn sem komið er. Þau njóta góðs af hagstæðari erlendri lánsfjármögnun bankanna en um 20% útlána bankakerfisins eru í erlendum gjaldeyri. Sé miðað við júnílok höfðu erlend lán til fyrirtækja vaxið um 13% miðað við sama tímabil í fyrra.

**Stóru
viðskiptabankarnir
þrír hafa nýtt
hagstæð kjör á
erlendum mörkuðum
á árinu með útgáfu
erlendra skuldabréfa.**



Lykiltölur úr váttryggingageiranum

	2015	2014	Breyting
Eigin tjón	37.874.074	32.935.661	15%
Eigin iðgjöld	47.574.956	45.033.277	5%
Hagnaður af skaðatryggingarekstri	2.081.990	4.066.627	-48.8
Hagnaður af líftryggingarekstri	1.632.706	1.372.144	19.00%
Fjárfestingatekjur	696.085	243.418	186.0%
Heildar váttryggingaskuld	65.961.633	72.010.165	-8.4%
Samsett hlutfall	103	98	95%

Breytingar á tjónum milli ára

	2015	2014	Breyting
Eignatryggingar	7,403,240	7,916,019	-6%
Sjótryggingar	2,923,520	1,548,180	89%
Farmtryggingar	508,423	361,327	41%
Ökutækjatrýggingar	20,420,775	17,752,760	15%
Ábyrgðartryggingar	1,545,560	1,784,036	-13%
Slysa- og sjúkratryggingar	4,505,504	3,850,080	17%

Heimild: FME

Váttryggingageirinn

stendur sterkum stoðum


Samanlagður hagnaður váttryggingafélaganna af skaðatryggingarekstri nam um 2 milljörðum króna árið 2015 og dróst saman um tæpan helming frá árinu 2014. Hagnaður þeirra af líftryggingarekstri jókst hins vegar um fimmtung milli ára og nam 1,6 milljörðum króna 2015. Eigin tjón hækkuðu um 15% frá árinu á undan og námu tæplega 38 milljörðum króna. Á sama tíma hækkuðu iðgjöld um 5% en námu ríflega 49 milljörðum á árinu 2015.

Fjárfestingatekjur váttryggingafélaganna námu tæplega 700 milljónum árið 2015, hækkuðu umtalsvert frá árinu á undan og voru tvöfalt meiri en þá. Heildar váttryggingaskuld nam 66 milljörðum í árslok 2015 og lækkaði um 8,4% milli ára. Þegar horft er til samsetts hlutfalls tjóna- og rekstrarkostnaðar hækkaði það lítillega frá árinu 2014 þegar það var 98% hjá váttryggingafélögunum en árið 2015 var það 103% að meðaltali. Ef samsett hlutfall er hærra en 100% þá er rekstrarkostnaðurinn hærri en iðgjöld viðkomandi tryggingafélags.




Fjöldi umferðarslysa erlendra ferðamanna

– eftir alvarleika




Fjöldi umferðarslysa erlendra ferðamanna

– eftir árstíðum



Þróun umferðarslysa útlendinga


– skipt eftir ferðamönnum og útlendingum með íslenska kennitölu



Hlutfall ferðamanna í umferðarslysum

– 2002 til 2015

Heimild: Haraldur Sigbórsson og Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar.



Þegar er horft er til tjóna ársins 2015 var mesta aukningin vegna sjótrygginga. Heildartjón ársins í þeim flokki nam tæpum þremur milljörðum og hækkaði um 89% milli ára. Tjón vegna eignatrygginga lækkaði lítillega milli ára eða um 6% og tjón vegna ábyrgðartrygginga lækkaði um 13%. Tjón vegna slysa- og sjúkra-trygginga hækkaði hins vegar um 17%.

Aukning á umferðartjónum

Ríflega helmingur allra tjóna árið 2015 var vegna ökutækjatrýgginga. Heildar-

tjón vegna þeirra nam 20,4 milljörðum króna. Tjón vegna ökutækjatrýgginga hækkaði um 15% milli ára. Frá árinu 2013 hefur ökutækjatjón hækkað um fjórðung en þá nám það tæpum 16 milljörðum. Ástæðurnar fyrir þessari þróun geta verið margvíslegar: ástand vegakerfisins og aldur bílaflotans svo dæmi séu tekin. Fjölgun ferðamanna hefur einnig verið nefnd sem áhrifaþáttur. Rannsóknir dr. Haralds Sigbórssonar, umferðarverkfræðings hjá VHS ehf., sýna fram á að slysum í umferðinni hefur fjölgað í beinu hlutfalli við fjölgun ferðamanna til landsins.

Rannsóknir sýna fram á að slysum í umferðinni hefur fjölgað í beinu hlutfalli við fjölgun ferðamanna til landsins.

**Íslensku
vátryggingafélögin
eru vel í stakk
búin til að takast
á við þetta enda
er eiginfjárstaða
þeirra góð og
gjaldþolshlutfall
þeirra sterkt.**

Solvency II

Þann 1. september samþykkti Alþingi lög um vátryggingastarfsemi sem byggir á Solvency II tilskipun Evrópusambandsins. Markmið tilskipunarinnar er að samræma lagaumhverfi vátryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu, bæta neytendavernd og tryggja fjárhagslegan stöðugleika. Um er að ræða ákveðin tímamót þar sem innleiðing tilskipunarinnar hefur mikil áhrif á rekstrarumhverfi vátryggingafélaga.

Solvency II er ein af fjölmörgum tilskipunum sem hafa verið innleiddar á evrópskum fjármálamarkaði á undanförunum árum og er ætlað að treysta stöðu neytenda og efla fjármálastöðugleika. Eins og nafn tilskipunarinnar gefur til kynna felur hún í sér endurskoðun á reglum um gjaldþol vátryggingafélaga og er markmiðið að gera þær áhættumiðaðri. Önnur markmið tilskipunarinnar eru að samræma lagaumhverfi vátryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu, bæta neytendavernd og tryggja fjárhagslegan stöðugleika. Evrópulönd og Evrópusambandið hafa verið leiðandi í heiminum í þróun vátryggingaeftirlits og regluverk íslensks vátryggingamarkaðar byggir á þeim grunni.

Gjaldþol er það fjármagn sem vátryggingafélag þarf að hafa tiltækt til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í vátryggingaskuld þess. Gjaldþol er í raun allt það eigið fé sem uppfyllir ákveðin skilyrði um aðgengileika. Áhættumiðaðar gjaldþolskröfur fela í sér að áhættusækni og áhættustýring vátryggingafélaga endurspeglast í gjaldþolskröfunni.


Með breyttri löggjöf mun gjaldþolskrafa vátryggingafélaga taka til fleiri þátta en áður. Þetta mun leiða til töluverðrar hækkunar á gjaldþolskröfu vátryggingafélaga. Til að bregðast við því munu þau þurfa að binda meira eigið fé í rekstrinum. Íslensku vátryggingafélögin eru vel í stakk búin til að takast á við þetta enda er eiginfjárstaða þeirra góð og gjaldþolshlutfall þeirra sterkt. Ekki er þó hægt að mæta öllum mögulegum áföllum með auknu fjármagni og því er í löggjöfinni einnig lögð áhersla á bættu og traustari stjórnarhætti og áhættustýringu og aukna upplýsingagjöf til eftirlitsaðila og fjárfesta.

Í umræðu um Solvency II hefur komið fram gagnrýni á það að vátryggingaskuld félaganna muni lækka vegna breytinganna og hefur oft verið vísað til hugtaksins „bótasjóðs“ í því samhengi. Rétt er

Solvency II

– stoðirnar þrjár

Heimild: Bloomberg



Solvency II felur í sér íhaldssamari nálgun en áður á því hvernig tryggingafélög leggja til hliðar eignir og eigið fé til þess að geta staðið í skilum á váttryggingaskuld.

að taka það fram að bótasjóðir hafa ekki verið til í váttryggingarekstri frá árinu 1994. Þá var hugtakinu með lagabreytingu skipt út fyrir hugtakið váttryggingaskuld. Í einhverjum tilvikum getur váttryggingaskuld félaga lækkað með nýju reglunum, en á sama tíma eru kröfur til gjaldþóls hertar til muna.


Í stuttu máli er váttryggingaskuld félagsskuld-bindingar váttryggingafélags vegna váttrygginga-

samninga og eru aðferðir við útreikning á váttryggingaskuld samræmdar á EES-svæðinu og í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla. Solvency II felur í sér íhaldssamari nálgun en áður á því hvernig tryggingafélög leggja til hliðar eignir og eigið fé til þess að geta staðið í skilum á váttryggingaskuld. Reglur og leiðbeiningar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) á Solvency II-reglunum eru með þeim

Þrátt fyrir að skýrslan telji áhrif af Solvency II vera almennt jákvæð er bent á að innleiðing tilskipunarinnar geti haft neikvæð áhrif í einhverjum tilfellum.

Munurinn á Solvency I og Solvency II

– uppbygging



hætti að ógjörningur er fyrir vátryggingafélög að greiða út arð ef þau standast ekki reglur tilskipunarinnar um lágmarksfjármagnsþörf.

Helsta gagnrýnin sem tilskipunin hefur fengið á sig lýtur að því hvaða áhrif hún kann að hafa á virkni annarra fjármálamarkaða, meðal annars vegna þess að reglurnar kunni að ofmeta áhættuna af langtímafjárfestingum tryggingafélaga. Einnig má í þessu samhengi benda á umfjöllun Evrópska seðlabankans um tilskipunina en í skýrslu hans má meðal annars finna umfjöllun um áhrif innleiðingar hennar á fjármálageirann í heild.

Þrátt fyrir að skýrslan telji áhrif af Solvency II vera almennt jákvæð er bent á að innleiðing tilskipunarinnar geti haft neikvæð áhrif í einhverjum tilfellum. Þannig er nefnt að tilskipunin gæti leitt til þess að tryggingafélög hverfi af vettvangi sem hefðbundinn mótaðili banka í viðskiptum sem gæti svo aukið áhættu á fjármálamörkuðum. Þá gæti Solvency II að mati sérfræðinga ECB aukið kerfislæga áhættu leiði tilskipunin til aukinna krosseignatengsla á fjármálagerningum útgefnum af tryggingafélögum annars vegar og bönkum hins vegar.

Samanlagður hagnaður váttrygginga-
félaganna af skaðatryggingarekstri
nam um 2 milljörðum króna árið 2015
og dróst saman um tæpan helming
frá árinu 2014. Hagnaður þeirra af
líftryggingarekstri jókst hins vegar um
fimmtung milli ára og nam 1,6 millj-
örðum króna 2015. ■



Hagnaður þeirra
af líftryggingarekstri
jókst hins vegar um
fimmtung milli ára og
nam 1,6 milljörðum
króna 2015.

Mikið af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálamarkaða síðan þá miða að því að treysta stöðu neytenda sem eiga í viðskiptum við fjármálafyrirtæki.

Hvernig getum við aðstoðað?

Segja má að flest viðbrögð stjórnvalda beggja vegna Atlantsála við fjármálakreppunni 2008 tengist neytendavernd með einum eða öðrum hætti. Mikið af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálamarkaða síðan þá miða að því að treysta stöðu neytenda sem eiga í viðskiptum við fjármálafyrirtæki. Gildir einu hvort um er að ræða bankaviðskipti, kaup á tryggingum, kortaviðskipti eða verðbréfavíðskipti.

Það er gott dæmi um hversu mikil áhersla var sett á neytendavernd í kjölfar fjármálakreppunnar að málið var tekið upp á vettvangi

tuttugu helstu iðnríkja heims (G20). G20-hópurinn er skipaður fjármálaráðherrum og seðlabankastjórum tuttugu stærstu iðnríkja heims, fulltrúum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Fjármálastöðugleikaráðinu (Financial Stability Board). Árið 2011 var ákveðið á þessum vettvangi að þróa sameiginlegar meginreglur um neytendavernd á sviði fjármálaþjónustu. Þær voru gefnar út sama ár og hefur OECD staðið fyrir áframhaldandi þróun þeirra.

Þessum meginreglum er ætlað að vera fyrirmynd að því hvernig einstök

■ Hvað segir framlínufólkið?

Jarprúður Birgisdóttur,
fjármálaráðgjafi einstaklinga, Arion banki

Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja hafa undanfarin ár orðið varir við breytingar á reglum í tengslum við lánveitingar en flestir hafa tekið þeim breytingum vel. Til að byrja með voru einhverjir ósáttir, fannst þeir upplifa að bankinn væri jafnvel að vantreysta þeim með því að spyrja of margra spurninga, en það hefur verið að breytast. Við leggjum áherslu á að fræða viðskiptavini okkar um hvað felst í breyttu regluverki og hvers vegna það er til komið og það er að skila sér.

Það er sérlega ánægjulegt að sjá að unga fólkið virðist margt hvert vera vel að sér í fjármálum og vill leggja öll spilin á borðið áður en ákvarðanir eru teknar varðandi framtíð þess og fjárhagslegar skuldbindingar. Við bjóðum upp á öfluga fjármálafræðslu og leggjum mikið upp úr því að viðskiptavinir séu vel upplýstir áður en þeir taka sínar ákvarðanir.

Við höfum lagt á það áherslu að auðvelda viðskiptavinum okkar að eiga í viðskiptum við bankann með því að nýta rafrænar leiðir, um leið og við leggjum að sjálfsögðu höfuðáherslu á fylgni við lög og reglur. Nú síðast var viðskiptavinum okkar til dæmis gert kleift að stofna til viðskipta með því að nota rafræn skilríki til undirritunar. Þannig að þróunin er í rauninni í þá átt að þrátt fyrir að regluverkið sé hugsanlega aðeins flóknara verður stöðugt auðveldara að eiga í viðskiptum við bankann, hvar og hvenær sem er.



„Við höfum lagt á það áherslu að auðvelda viðskiptavinum okkar að eiga í viðskiptum við bankann með því að nýta rafrænar leiðir, um leið og við leggjum að sjálfsögðu höfuðáherslu á fylgni við lög og reglur.“

Allar þessar helstu reglubreytingar hafa þegar verið innleiddar héraendis eða eru í innleiðingarferli.

ríki standa vörð um neytendavernd á fjármálamarkaði. Þær byggja á tíu sviðum sem hverju og einu er ætlað að treysta neytendavernd:

- Lög og reglur.
- Eftirlitsumhverfi.
- Sanngjörn og réttlát meðferð neytenda.
- Upplýsingagjöf og gagnsæi.
- Fjármálalæsi.
- Ábyrg háttsemi þeirra sem veita fjármálaþjónustu og viðurkenndra umboðsmanna.
- Vernd neytenda gegn svikum.
- Gagnaöryggi og persónuvernd neytenda.
- Kvartanir og bætur.
- Samkeppni.

Segja má að flest vestræn ríki hafi unnið í anda þessara meginreglna frá því að þær voru kynntar. Þar sem Ísland tilheyrir hinum sameiginlega fjármálamarkaði Evrópu hafa margar þær breytingar sem gerðar hafa verið og lúta að stöðu viðskiptavina fjármálafyrirtækja komið frá ESB í formi tilskipana.

Um fjörutíu viðamiklar tilskipanir hafa tekið gildi frá árinu 2008 á EES-svæðinu og snerta flesta þætti í rekstri fjármálafyrirtækja en lúta einnig að neytendavernd og stöðu viðskiptavina fjármálafyrirtækja. Allar þessar helstu reglubreytingar hafa þegar verið innleiddar héraendis eða eru í innleiðingarferli. Þessar breytingar hafa verið framkvæmdar í samvinnu allra aðila á íslenskum fjármálamarkaði. Jafnframt ríkir full sátt um að þessari stefnu skuli haldið til framtíðar.


Auk þeirra hafa fjölmargar breytingar verið gerðar á öðrum íslenskum lögum og reglum er varða stöðu neytenda á fjármálamarkaði. Mitt í efnahagskreppunni miðuðust þær breytingar við að bæta fjárhagsstöðu heimila.

Um var að ræða ýmis greiðsluerfiðleikaúrræði og fólu meðal annars í sér að eigendur íbúðarhúsnæðis gátu leitað eftir greiðsluáðlögun og greiðslujöfnun. Þá var embætti Umboðsmanns skuldara stofnað en það veitir einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleik-

Skuldir heimila sem hlutfall af VLF

— í nokkrum Evrópuríkjum

Heimildir: Eurostat, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



um endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar og lögum um gjaldprotaskipti var breytt þannig að fyrningarfrestur krafna við gjaldprotaskipti var stytur úr fjórum árum í tvö. Jafnframt var áskilið að til þess að rjúfa fyrningu þurfi kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma.

Auk þessa áttu aðildarfélög SFF aðild að samkomulagi við stjórnvöld um sértæka skuldaaðlögun. Segja má að þessi úrræði og lagabreytingar hafi

haft jákvæð áhrif til lausnar á skuldavanda heimilanna og treyst stöðir íslensks efnahagslífs á ný. Þegar litið er til þessara úrræða auk endurútreiknings á gengistryggðum lánum færðu aðildarfélög niður lán til einstaklinga fyrir meira en 200 milljarða króna eftir fjármálakreppuna.

Árangur á mörgum sviðum

Árið 2013 skilaði nefnd forsætisráðherra um neytendavernd á fjármálamarkaði tillögum að skýrslu þar sem var að finna ýmsar úrbótatillögur. Meðal annars var lagt til að stimpilgjöld yrðu aflögð en slíkt myndi draga


Þegar litið er til þessara úrræða auk endurútreiknings á gengistryggðum lánum færðu aðildarfélög niður lán til einstaklinga fyrir meira en 200 milljarða króna eftir fjármálakreppuna.

Breytingin bætti hag neytenda mikið enda auðveldaði hún endurfjármögnun lána og jók þar með samkeppni á lánamarkaði.

Skuldir heimila og veðhlutfall

– 4F 2003 til 2F 2016

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



verulega úr lántökukostnaði heimila og auka hreyfanleika viðskiptavina fjármálafyrirtækja. Þá var lagt til að uppgreiðslugjöld yrðu takmörkuð og hvatt til aukins vöruúrvals á fasteignamarkaði.

Margt af þessu hefur náðst fram á undanförunum árum. Lögum um stimpilgjöld var breytt árið 2013 og kerfið gert mun einfaldara en áður. Meðal annars var skyldan um að greiða stimpilgjöld af láns skjölum afnumin. Þessi breyting bætti hag neytenda mikið enda auðveldaði hún endurfjármögnun lána og jók þar með samkeppni á lánamark-

aði. Með lögum um fasteignalán til neytenda, sem samþykkt voru á Alþingi haustið 2016, var neytendavernd styrkt enn frekar. Lögin gera almennar kröfur um hæfni, þekkingu og starfskjör starfsmanna lánveitenda og leggja aukna áherslu á útskýringar sem neytandi á rétt á fyrir lánveitingu. Þá er gerð krafa um lánshæfis- og greiðslumat áður en að lánveitingu kemur og er meginreglan sú að lán skuli ekki veitt nema neytandi standist greiðslumat.

Með lögum um fasteignalán til neytenda var Fjármálaeftirlitinu veitt

heimild til að setja reglur um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda og greiðslubyrði að fengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði. Yfirvöld í Danmörku og Svíþjóð hafa beitt heimildum um hámark veðsetningarhlutfalls á undanförunum árum vegna vísbendinga um

offhitnun á fasteignamarkaði. Þá gera lögin óheimilt að binda samning um fasteignalán því skilyrði að neytandi geri samning um kaup á annarri aðgreindri fjármálaþjónustu. Þetta mun einnig auka hreyfanleika viðskiptavina og efla samkeppni á fjármála- markaði.

■ Hvað segir framlínufólkið?

Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir,
fjármálaráðgjafi í Landsbankanum

Með breytingunum eru upplýsingar aðgengilegri fyrir viðskiptavinum og þeir geta því tekið upplýstari ákvörðun um sín mál. Mér heyrir viðskiptavinir vera ánægðir með þessa breytingu en furða sig oft á því pappírslóði sem getur fylgt þessu. Við erum sem betur fer að færast meira og meira inn á rafræna upplýsingamiðun. Fyrir starfsmenn getur þetta kallað á meiri handavinnu en áður og þar af leiðandi geta málin tekið lengri tíma.



Með öðrum breytingum á bankaviðskiptum, þar sem rafrænar lausnir eru alltaf að verða betri og aðgengilegri, er starf starfsmanna í framlínu að færast meira yfir í ráðgjafarhlutverk. Við erum alltaf að fá meiri tíma fyrir ráðgjöfina varðandi fyrirgreiðslur og sparnað. Með þessari breytingu fær viðskiptavinurinn betri þjónustu en áður að mínu mati.

„Með öðrum breytingum á bankaviðskiptum, þar sem rafrænar lausnir eru alltaf að verða betri og aðgengilegri, er starf starfsmanna í framlínu að færast meira yfir í ráðgjafarhlutverk.“

Með lögum um neytendalán sem samþykkt voru 2013 voru einnig gerðar fjölmargar breytingar. Lögfest er hámark uppgreiðslugjalds. Neytandi hefur alltaf rétt á að greiða lánið upp, að hluta eða í heild, fyrir þann tíma sem samið hefur verið um. Lánveitandi getur krafist þess að neytandi greiði uppgreiðslugjald en það má aldrei vera hærra en 1% af fjárhæðinni sem greidd er upp. Þá var hámark

sett á árlega hlutfallstölu kostnaðar á neytendalánnum og má kostnaðurinn ekki nema meira en 50% að viðbættum stýrivöxtum.


Eins og fyrr segir kallaði nefnd forsætisráðherra um neytendavernd á fjármálamarkaði eftir fjölbreyttara vöruframboði á fasteignalánamarkaði á sínum tíma. Þróunin hefur verið í þessa átt á undanförunum árum. Neytendum stendur til boða að taka bæði óverðtryggð og verðtryggð lán með

Þá var hámark sett á árlega hlutfallstölu kostnaðar á neytendalánnum og má kostnaðurinn ekki nema meira en 50% að viðbættum stýrivöxtum.

Hrein ný útlán innlánastofnana

– Viðskiptabankar og sparisjóðir

Heimild: Seðlabanki Íslands.



■ Hvað segir framlínufólkið?

Hanna Dóra Jóhannsdóttir,
viðskiptastjóri í Íslandsbanka

Í flestum tilfellum er upplifun viðskiptavina neikvæð, í það minnsta í fyrstu. Þungt regluverk gerir það að verkum að viðskiptavinir þurfa í auknum mæli að skila inn fjárhagslegum upplýsingum sem ekki þurfti áður, til að mynda við öll útlán umfram 2 m.kr, þrátt fyrir skamman lánstíma.

Þá hefur einnig pappírmagn við fjármálagjörninga aukist til muna sem eykur á flækjustig sem oftast en ekki veldur þeirri upplifun að fólkið viti enn minna um það sem það skrifar undir en áður.

Engu að síður sýnir fólk því oftast skilning að regluverkið skuli vera flóknara og þyngra. Þegar þetta er rætt við fólk snýst því oftast en ekki hugur þar sem það upplifir að viðkomandi fjármálastofnun er að vanda til verka og að fjármálastofnunum sé þröngur stakkur sniðinn þegar kemur að útlánunum.



„Þá hefur einnig pappírmagn við fjármálagjörninga aukist til muna sem eykur á flækjustig sem oftast en ekki veldur þeirri upplifun að fólkið viti enn minna um það sem það skrifar undir en áður.“

veði í fasteign. Einnig bjóða fjármála-fyrirtæki upp á blönduð lán sem hafa bæði eiginleika verðtryggðs og óverðtryggðs láns sem og aðrar útfærslur á

fasteignalánunum sem er ætlað að koma til móts við sérstaka kaupendahópa á borð við þá sem eru að kaupa fyrstu fasteign.

Vegvísar í átt að aukinni neytendavernd

Mikið umbótastarf hefur átt sér stað við að auka neytendavernd á fjármálamarkaði. Hér er tæpt á helstu vegvísunum, sem reistir hafa verið í því skyni.

40

LÁNAMARKAÐUR

Lög um neytendalán og fasteignalán til neytenda

- Aukin réttindi lántaka lögfest og ítarlegri kröfur til upplýsingaskyldu lánveitenda.
- Neytendum gert auðveldara að bera saman lánakjör á markaði.
- Hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar (ÁHK) neytendalána.
- Hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána.
- Hámark heildarfjárhæðar fasteignalána.
- Hámark greiðslubyrðar fasteignalána.
- Hámark uppgreiðslugjalds.
- Krafa um gerð greiðslumats stífari.
- Stuðlar að ábyrgum lánveitingum og spornar við of mikilli skuldsetningu.
- Kröfur gerðar um hæfni starfsfólks lánveitenda.
- Óheimilt að krefjast að viðskiptavinur kaupði aðra þjónustu þegar fasteignalán er tekið.
- Neytendavernd við kynningu, veitingu, miðlun og lánaráðgjöf vegna fasteignalána tryggð.

Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð

- Úrræði fyrir einstaklinga sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.
- Heimilar ráðstöfun séreignasparnaðar.

Lög um stimpilgjald

- Stimpilgjöld af lánaskjölum felld niður.
- Auðveldar neytendum endurfjármögnun og eykur samkeppni á lánamarkaði.

Lög um ábyrgðarmenn

- Skorður settar á ábyrgðir einstaklinga.
- Stuðlar að því að lánveitingar miðist við raunverulega greiðslugetu lántaka.

Lög um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti

- Fyrningarfrestur krafna við gjaldþrotaskipti var stytur úr fjórum árum í tvö.
- Til að rjúfa fyrningu þarf kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því, og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma.

VÁTRYGGINGAMARKAÐUR

Lög um breytingu á lögum um váttryggingasamninga


- Hægt er að segja upp váttryggingasamningi með mánaðarfyrirvara í stað 12 mánaða áður.
- Auðveldara er fyrir neytendur að færa sig milli váttryggingafélaga.

Lög um váttryggingastarfsemi (Solvency II)

- Neytendavernd aukin með því að tryggja greitt aðgengi neytenda að upplýsingum um stöðu váttryggingafélaga.

Lög um stimpilgjöld

- Stimpilgjöld ekki lengur greidd vegna váttryggingaskjala.



á fjármálamarkaði

GREIÐSLUMIÐLUN

Frumvarp um greiðslubjónustutíðskiptun ESB (PSD2)

- Treystir neytendavernd vegna greiðslubjónustu og netgreiðslna.
- Gerir nýjum fyrirtækjum kleift að komast inn á markaðinn og eykur þar með samkeppni. Tryggir að nýir samkeppnisaðilar uppfylli öryggiskröfur.

Frumvarp vegna reglugerðar ESB um millikortagjöld

- Staða neytenda treyst með því að hámarksviðmið verður sett þegar kemur að innheimtu millikortagjalda.

UPPLÝSING

Samtök fjármálafyrirtækja, gæði fjármálaráðgjafar og fjármálalæsi

- Um 180 vottaðir fjármálaráðgjafar.
- Um 50 vottaðir váttryggingarstarfsmenn.
- Meirihluti nemenda í efstu bekkjum grunnskóla um allt land hafa fengið leiðsögn Fjármálavits, fjármálafræðslu SFF.

GREIÐSLUERFIÐLEIKAR

Greiðsluerfiðleikaúrræði handa neytendum 2009–2010

- Umboðsmaður skuldara.
- Greiðsluaðlögun einstaklinga.
- Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Greiðslur umfram það sem skuldari getur ekki greitt teljast ekki til vanskila meðan á greiðsluaðlögun stendur.
- Greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignalána.
- Fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar vegna gjaldþrotaskipta.

VERÐBRÉFAMARKAÐUR

Frumvarp um MiFID II

- Aukin vernd fjárfesta sem eiga í viðskiptum með verðbréf.
- Eftirlitsstofnanir fá heimildir til að stöðva og takmarka markaðssetningu og dreifingu ákveðinna fjármálagerninga.



Á vef SFF má finna ýtarlegri skýrslu um lagabreytingar er varða neytendavernd á fjármálamarkaði

SFF

„Stöðugt fleiri
viðskiptavinir
velja að vera í
pappírslausum
viðskiptum.“

■ Hvað segir framlínufólkið?

María Guðmundsdóttir,
forstöðumaður í Sjóvá

Um mitt síðasta ár breyttust reglur um uppsagnir á tryggingum en breytingin var til hagsbóta fyrir neytendur. Nú geta viðskiptavinir sagt upp viðskiptum við tryggingafélög og hætt með eins mánaðar fyrirvara en áður voru uppsagnir aðeins teknar gildar á gjalddaga hverrar tryggingar sem gat þýtt að viðskiptavinir þyrftu að bíða í marga mánuði eftir að geta flutt sínar tryggingar. Það sem helst hefur breyst hjá okkur við þetta er að við merkjum aukna ánægju þeirra sem vilja skipta um tryggingafélag þar sem hlutirnir ganga hraðar fyrir sig.

Viðskiptavinir okkar velja sjálfir hvort þeir vilja fá gögn um sínar tryggingar send á pappír eða vera í pappírslausum viðskiptum. Stöðugt fleiri viðskiptavinir velja að vera í pappírslausum viðskiptum. Að okkar mati mætti einfalda ferlið fyrir viðskiptavinum sem vilja pappírslaus viðskipti en í dag þarf upplýst samþykki viðskiptavinar að liggja fyrir.

Það er okkar trú að fleiri vilji losna við að fá pappír en nú er og ef einföld yfirlýsing viðskiptavina með t.d. símtali eða tölvupósti dygði, þá myndu enn fleiri velja að hætta að fá sendan pappír heim og taka þannig umhverfisvæn skref með Sjóvá.





Sterk staða neytenda á váttryggingamarkaði

Staða neytenda gagnvart váttryggingafélögum styrktist til muna þegar lögum um váttryggingasamninga var breytt árið 2015. Með breytingunum varð einstaklingum og öðrum váttryggingatökum heimilt að segja upp váttryggingasamningi með mánaðar fyrirvara. Áður þurfti að bíða í heilt ár eftir „glugga“ til að segja upp samningi

en samningar framlengdust þá í eitt ár, væri þeim ekki sagt upp a.m.k. mánuði áður en þeir runnu út.

Auk þess fól innleiðing Solvency II tilskipunarinnar í sér aukna neytendavernd. Auknar kröfur til gjaldþols og áhættustýringar tryggir vernd neytenda og það sama gildir um ákvæði tilskipunarinnar sem fela í sér greitt aðgengi neytenda að fjárhagslegum upplýsingum tryggingafélaga.

**Auk þess fól
innleiðing Solvency
II tilskipunarinnar
í sér aukna
neytendavernd.**

Til þess að
mæta kröfum
viðskiptavina
fjármálafyrirtækja
um faglega ráðgjöf
hafa SFF staðið
fyrir verkefninu
um vottun
fjármálaráðgjafa
frá árinu 2011.



Aukin samkeppni á markaðnum með vátryggingar og fasteignalán

Framkvæmdastjórn ESB fylgist grannt með stöðu neytendamála og gefur reglulega út skýrslu um stöðu mála í aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum.

Um er að ræða svokallað Skorkort neytendamála (e. Consumer Markets Scoreboard) og þar er farið yfir þróun mála á helstu mörkuðum með neytendavörur frá ári til árs. Skorkortið kom út í tólfta sinn í ár. Í umfjölluninni um Ísland kemur fram að samkeppnisstaðan á markaðnum með bifreiðatryggingar og fasteignalán hefur aukist mest af öllum mörkuðum með þjónustuvöru á Íslandi frá árinu 2013.

Mikilvægi fræðslumála fyrir neytendavernd

Eins og fram kemur í meginreglum G20 skiptir almennt fjármálalæsi höfuðmáli þegar kemur að eflingu

neytendaverndar á fjármálamarkaði. SFF hafa unnið skipulega að eflingu gæða þeirrar fjármálaþjónustu sem aðildarfélögin veita og hafa að sama skapi unnið að fjármálafræðslu ungmenna í grunnskólum landsins.

Til þess að mæta kröfum viðskiptavina fjármálafyrirtækja um faglega ráðgjöf hafa SFF staðið fyrir verkefninu um vottun fjármálaráðgjafa frá árinu 2011. Um er að ræða nám í fjármálaráðgjöf og þeir sem standast kröfur þess útskrifast sem vottaðir fjármálaráðgjafar. Markmið vottunarinnar er að samræma þær kröfur sem eru gerðar til fjármálaráðgjafa og enn fremur að tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Verkefnið á sér norska fyrirmynd en slíkt vottunarferli hefur verið að ryðja sér til rúms í nágrennalöndunum á undanförunum árum. Að vottunararnáminu standa SFF, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Frá því að vottunarnámið hófst hafa um 179 fjármálaráðgjafar hlotið vottun.


Góð reynsla af námi til vottunar fjármálaráðgjafa varð til þess að skipulagi Tryggingaskólans, sem rekinn var um árabíl, var breytt fyrir tveimur árum, en þá hófu fyrstu starfsmenn váttryggingafélaganna nám til vottunar váttryggingastarfsmanna við Opna háskólann. Nú hefur 51 starfsmaður váttrygginga-

félaganna hlotið slíka vottun. Í ár útskrifuðust 13 starfsmenn úr náminu. Að náminu til vottunar váttryggingastarfsmanna standa SFF, váttryggingafélögin og Opni háskólinn.

Fjármálavit og unga fólkíð

Eitt af helstu baráttumálum SFF frá stofnun samtakanna hefur verið efling fjármálafræðslu og hafa samtökin lagt áherslu á að slík fræðsla verði hluti af

Nú hefur 51 starfsmaður váttryggingafélaganna hlotið slíka vottun. Í ár útskrifuðust 13 starfsmenn úr náminu.



Viðtökur nemenda og kennara við þessum heimsóknum hafa verið framar öllum vonum og er mikil eftirspurn eftir slíkum heimsóknum.



námsskrá grunnskóla. Til að stuðla að því ákváðu SFF að láta gera námsefni um fjármál.

Námsefnið fékk nafnið Fjármálavit og er það hannað fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla. Nú er verið að kynna Fjármálavit í skólunum í þriðja sinn en kynningin fer þannig fram að starfsmenn aðildarfélagi SFF fara með námsefni Fjármálavits í grunnskóla landsins og vinna verkefnið með nemendum og deila þar með reynslu sinni.

Viðtökur nemenda og kennara við þessum heimsóknum hafa verið framar öllum vonum og er mikil eftirspurn eftir slíkum heimsóknum.




Síðastliðinn vetur heimsóttu ríflega hundrað starfsmenn úr aðildarfélagunum um 90% nemenda í 10. bekk á öllu landinu og er markmiðið sett enn hærra á þessu skólaári.

Í námsefni Fjármálavits er mikil áhersla lögð á að nemendur geri sér grein fyrir hversu mikilvægt það er að þeir setji sér markmið þegar kemur að fjármálum og hvaða

ráðstafanir þurfi að gera svo hægt sé að ná þeim. Í kennslustundunum kemur fram að margir stefna á að fara í heimsreiðu eða eignast bíl eða íbúð innan fárra ára. Leiðbeinendur aðildarfélaganna höfðu til almennrar skynsemi nemenda og leiða nemendum í ljós hvaða ábyrgð þeir þurfi að sýna í fjármálum til þess að ná þessum markmiðum.

Í kennslustundunum kemur fram að margir stefna á að fara í heimsreiðu eða eignast bíl eða íbúð innan fárra ára.



Fjármálavit er þannig góður vettvangur fyrir samvinnu skóla og fjármálafyrirtækja til að miðla sameiginlegri þekkingu og stuðla að góðu fjármálalæsi.

Fjármálavit veitir kennurum innblástur í kennslu um fjármál. Fjármálavit er þannig góður vettvangur fyrir samvinnu skóla og fjármálafyrirtækja til að miðla sameiginlegri þekkingu og stuðla að góðu fjármálalæsi.

Með Fjármálaviti hafa SFF leitt saman krafta aðildarfélaga sinna og þar með gert starfsfólki úr ólíkum

fjármálafyrirtækjum kleift að vinna saman að verkefni sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið. Styrkur Fjármálavits felst ekki síst í þeim fjölda starfsmanna aðildarfélaga SFF um allt land sem taka þátt í heimsóknnum Fjármálavits á sínu svæði og miðla þannig þekkingu og reynslu úr fjármálakerfinu. ■

Ummæli kennara

„Það er alveg deginum ljósara að þetta verkefni sem þið standið að er gríðarlega mikilvægt. Krakkarnir voru mjög ánægðir og þeir sem stjórnðu hópavinnunni náðu vel til þeirra.“

„Nemendur og kennarar voru sammála um að það vantar meira af svona fræðslu í skólana og þetta er eitthvað sem þyrfti að vera í námskrá.“

„Efnið er svo sannarlega þarft og gaman að taka þátt í þessu.“

„Afar vel að þessu staðið hjá ykkur og greinilega metnaður í gangi sem gagnast grunnskólanemendum.“

„Við vorum mjög ánægð og krakkarnir áhugasamir. Ég mun reyna að fylgja verkefninu eftir og sýna þeim myndböndin.“

„Við viljum endilega halda þessu samstarfi áfram.“

„Við þökkum ykkur kærlega fyrir komuna og frábæra fræðslu. Hér voru allir mjög ánægðir!“

„Þetta var mjög gagnlegt og gott.“

Ummæli nemenda

„Mér fannst verkefnið mjög gagnlegt og skemmtilegt.“

„Unglingar þurfa að vita hvernig þeir eiga að fara með peninga til að geta sparað, t.d. fyrir utanlandsferð.“

„Mér fannst skemmtilegt að vinna í hópum og sjá mismunandi lausnir á sama verkefninu.“

„Það var gaman að fá að þæla í hlutunum sjálf og vinna verkefni í staðinn fyrir að það sé bara verið að tala við okkur.“

„Það var gagnlegt að sjá hvað maður þarf að borga í allskonar kostnað.“

„Ég lærði að það tekur ekkert mjög langan tíma að spara.“

„Það kom mér mest á óvart í hvað peningurinn er að fara og hversu fljótt hann fer.“

„Ég vissi ekki að fjármálafræðsla gæti verið skemmtileg, þetta var sett svo skemmtilega upp.“

Ummæli starfsfólks aðildarféлага SFF

„Frábært verkefni sem við erum stolt af að fá að vera þátttakendur í.“

„Mjög gefandi að fá að taka þátt í svona verkefni og vinna með krökkunum.“

„Ótrúlega skemmtilegt!“

„Mjög gaman að spjalla við krakkana um fjármál, mikil þörf á þessu.“

„Þetta var mjög gaman og fróðlegt að sjá muninn á stúlkum og strákuum.“

Barið í brestina

– skýrsla SFF um breytingar á regluverki fjármálamarkaða

Frá því að skýrslan kom út hefur hún oftast en ekki legið til grundvallar í opinberri umræðu um vexti og verðtryggingu.

Samtök fjármálafyrirtækja gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að upplýstri umræðu um fjármálakerfið og mikilvægi þess fyrir framgang efnahagslífsins og almenna hagsæld. Gegnum tíðina hafa samtökin ráðist í gerð ítarlegra greininga þar sem álitæfni í hinni opinberu umræðu eru skoðuð ofan í kjölinn með fræðilegri en aðgengilegri nálgun.

Í þessu samhengi má nefna ritið „Nauðsyn eða val - verðtrygging, vextir og verðbólga“ sem kom út árið 2012. Þrátt fyrir að fjármálafyrirtæki hafi engan sérstakan hag af því að veita verðtryggt útlán umfram breytileg

nafnvaxtalán töldu samtökin rétt að stuðla að upplýstri umræðu um verðtryggingu og beitingu hennar á Íslandi í gegnum tíðina. Frá því að skýrslan kom út hefur hún oftast en ekki legið til grundvallar í opinberri umræðu um vexti og verðtryggingu.



Á undanförunum árum hefur umræðan um framtíðarskipan fjármálakerfisins verið áberandi og hafa ýmsar

íktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

sdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

stjórn Ásdís Kristjánsdóttir,

efnahagsráðgjafi Samtaka atvinnulífsins



róttækar hugmyndir verið settar fram í þeim efnum hér á landi. SFF fagna allri umræðu um fjármálakerfið en samtökin vilja að sama skapi leggja sitt af mörkum til að hún byggji á staðreyndum. Til þess að varpa ljósi á staðreyndir málsins í samhengi við þessa umræðu réðust SFF í gerð greiningar á þeim

viðamiklu breytingum sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálamarkaða á Vesturlöndum, þar með talið Íslandi, frá því að fjármálakreppan skall á.

Skýrslan ber nafnið „Hvað hefur breyst?“ Í stuttu máli er svarið við spurningunni sem varpað er fram í titlinum að það hefur heilmikið breyst.

Frá árinu 2008
hafa verið teknar
upp á EES-svæðinu
40 viðamiklar
tilskipanir.



Í skýrslunni er rakið hvaða lærdóm stefnusmiðir drógu af fjármálakreppunni og til hvaða aðgerða hefur verið ráðist til þess að forðast að hún endurtaki sig. Þessi vinna hefur leitt af sér grundvallarbreytingu á regluverki fjármálafyrirtækja á Íslandi. Frá árinu 2008 hafa verið teknar upp á EES-svæðinu 40 viðamiklar tilskipanir ásamt aragrúa af afleiddum reglum. Allar þessar reglur hafa verið innleiddar eða eru í innleiðingarferli hér á landi. Við bætast svo ýmsar séríslenskar reglur sem hér hafa verið settar á.

Megintilgangur breytts regluverks er að draga úr áhættumyndun á fjármálamörkuðum, treysta innstæðu-tryggingakerfi, auka gæði og magn eigin fjár fjármálafyrirtækja og tryggja skilvirk viðbrögð við fjármálaáfallum. Þetta hefur almennt treyst stöðu fjármálafyrirtækja enda er markmiðið að tryggja að þau standi á sterkum stöðum ef á móti blæs.

Hvað hefur breyst: Kjarni málsins

- Aðdragandi og afleiðingar fjármálakreppunnar afhjúpuðu djúpstæða bresti á fjármálamörkuðum. Viðbrögð stjórnvalda í Bandaríkjunum og Evrópu fólust í umbyltingu á regluverki fjármálamarkaða.
- Breyttar reglur taka á óæskilegri áhættusækni, efla eftirlit, gera strangari kröfur um eigið fé og laust fé, auka innstæðuvernd og koma í veg fyrir að skattborgarar standi straum af kostnaði vegna gjaldþrota fjármálafyrirtækja.
- Þær reglur og viðmið sem hafa verið sett á alþjóðavettvangi og þær tilskipanir sem ESB hefur samþykkt um hinn sameiginlega fjármálamarkað hafa verið lögfestar hér á landi og gilda því um rekstur íslenskra fjármálafyrirtækja.
- SFF styðja þessar breytingar og eru sammála markmiðum þeirra.



Samtök fjármálafyrirtækja styðja þessar breytingar og aðrar þær sem eru í farvatninu og tengjast innleiðingum á tilskipunum ESB um fjármálamarkaðinn. Samtökin hafa samt brýnt fyrir héraendum stjórnvöldum að forðast að flétta saman við þessar breytingar séríslenskum reglum sem kunna að grafa undan samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og auka kostnað við fjármálaþjónustu til heimila og fyrirtækja meira en þekkest í nágrannalöndunum. Opinber gjöld fjármálafyrirtækja eru til að mynda

um þrisvar sinnum hærrí hér á landi en í nágrannaríkjunum, sem hluti af landsframleiðslu. Stefna samtakanna er að íslenskur fjármálamarkaður búi við sama regluverk og gildir á hinum sameiginlega markaði Evrópu.

Mikill áhugi á skýrslunni

Ljóst er að mikill áhugi er á umræðu um þessi mál enda sóttu hátt í þrjú hundruð manns ráðstefnuna þegar skýrslan var kynnt í september.

Birna Einarsdóttir, formaður stjórnar SFF, setti ráðstefnuna. Í ræðu

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja eru til að mynda um þrisvar sinnum hærrí hér á landi en í nágrannaríkjunum, sem hluti af landsframleiðslu.

Grundvallarbreytingar hafi verið gerðar á regluverki fjármálamarkaða og þar af leiðandi þyrftu umræður um skipan fjármálakerfisins að byggja á þeirri staðreynd.



sinni rakti hún meðal annars ástæðu þess að samtökin réðust í gerð úttektarinnar. Birna sagði umræðu um nauðsyn breytinga á skipulagi fjármálamarkaða hafa verið áberandi á Íslandi

og ýmsar róttækar hugmyndir hafi verið settar fram. Aftur á móti benti hún á að slíkar hugmyndir væru oftast en ekki settar fram á þeirri forsendu að ekkert hafi breyst varðandi regluverk fjármálamarkaða. Staðreynd málsins væri hins vegar sú að grundvallarbreytingar hafi verið gerðar á regluverki fjármálamarkaða og þar af leiðandi þyrftu umræður um skipan fjármálakerfisins að byggja á þeirri staðreynd. SFF hafi ráðist í gerð úttektarinnar til þess að styðja við þá umræðu.

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, kynnti efni skýrslunnar en hann ritstýrði gerð hennar ásamt þeim Jónasi Fr. Jónssyni, lögmanni, og Yngva Erni Kristinssyni,





hagfræðingi SFF. Í erindi sínu fór Ásgeir yfir viðbrögð stjórnvalda beggja vegna Atlantsála við fjármálakreppunni 2008 og hvernig lærdómurinn af orsökum hennar hefur mótað þróun regluverks fjármálamarkaða á Íslandi og í Evrópu.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, ávarpaði ráðstefnuna. Hann sagði skýrsluna þarft innlegg í umræðuna um þær miklu breytingar sem hafa orðið á löggjöf-inni og einnig þær breytingar sem framundan eru og koma til vegna aðildar Íslands að EES-samningnum. Í ávarpinu rakti ráðherra helstu breytingar og fór jafnframt yfir þær sértæku aðgerðir sem ráðist hefur verið í hér á landi. Í því samhengi



nefndi hann að þrátt fyrir að ekki sé verið að afnema sérstaka skatta á fjármálafyrirtæki eins hratt og áður var að stefnt, þá hefur þó verið dregin lína í sandinn og stefnt að afnámi þeirra.



Þá sagðist hann vera sammála því að ekki eigi að vera með sérstaklega íþyngjandi reglur á fjármálafyrirtæki enda lendi þær á endanum á almenningsi í landinu og ekki væri hægt að komast að annarri niðurstöðu en að viðbótarskattlagning eins og tíðkast hér á landi hafi líka á endanum áhrif á vaxtakjörin.

Umræðurnar snerust meðal annars um hvort íþyngjandi regluverk muni á endanum skaða neytendur og fyrirtæki vegna áhrifa þess á kostnað fjármálaþjónustu.

Að loknum erindunum tóku við pallborðsumræður. Auk Ásgeirs og Bjarna tóku Ásta Þórarinsdóttir, stjórnarformaður FME, og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, þátt í pallborðinu. Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, stjórnaði umræðunum. Umræðurnar snerust meðal annars um hvort íþyngjandi regluverk muni á endanum skaða neytendur og fyrirtæki vegna áhrifa þess á kostnað fjármálaþjónustu. Þá var rætt um eignarhald á fjármálafyrirtækjum og áform ríkisins í þeim efnum og einnig bar á góma samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja gagnvart lífeyrissjóðum á fasteignalánamarkaði svo fátt eitt sé nefnt. ■



Verðbréfamarkaður

Skilvirkur verðbréfamarkaður er ein af grundvallarstoðum heilbrigðs fjármálamarkaðar. Samtök fjármálafyrirtækja leggja mikla áherslu á eflingu verðbréfamarkaðarins og að hann starfi eftir sömu umgjörð og erlendir verðbréfamarkaðir. Það skiptir sköpum fyrir tengsl íslenska fjármálamarkaðarins við alþjóðlega fjármálamarkaði. Verðbréfamarkaðurinn hefur styrkst mikið á undanförunum árum og veltan farið vaxandi. Þannig var veltan á hlutabréfamarkaðnum meiri fyrstu níu mánuði þessa árs en allt árið í fyrra.


Meðal þess sem hefur einkennt skuldabréfamarkaðinn á undanförunum árum eru aukin umsvif viðskiptabankanna í útgáfu á sértryggðum skuldabréfum. Í lok september námu útistandandi sértryggð skuldabréf útgefin af bönkunum 152 milljörðum króna og höfðu aukist um 37% frá áramótum. Veltan hefur einnig aukist með sértryggð bréf bankanna í kjölfar þess að viðskiptavakt með þeim var tekin upp árið 2015. Hins vegar hefur dregið verulega úr veltunni samhliða minni útgáfu á síðari hluta þessa árs.

Verðbréfamarkaðurinn hefur styrkst mikið á undanförunum árum og veltan farið vaxandi. Þannig var veltan á hlutabréfamarkaðnum meiri fyrstu níu mánuði þessa árs en allt árið í fyrra.

Verðbréfavíðskipti á Íslandi

– eftir gerð bréfa

Heimild: OMX



Eftir að skýrslan kom út náðu ýmsar af þessum úrbótum fram að ganga.

Áherslur verðbréfafhóps SFF

Lífeyrissjóðirnir hafa verið stærstu kaupendur sértryggðra skuldabréfa bankanna. Kaupin hafa hins vegar verið þeim takmörkunum háð að lífeyrissjóðirnir hafa ekki mátt flokka þau með fasteignatryggðum fjármála-gjörningum í bókum sínum heldur hafa þau flokkast með hlutabréfum og innlánnum banka.

Á þetta var bent í skýrslu sem verðbréfafhópur SFF gaf út árið 2014 ásamt 21 úrbótatillögu til viðbótar um starfsumgjörð verðbréfamarkaða. Eftir að skýrslan kom út náðu ýmsar


af þessum úrbótum fram að ganga: Undanþága staðgreiðslu skatts tekur nú til verðbréfafyrirtækja, ríkisstofnanir hafa sett sér innri reglur um upplýsingaskyldu á skuldabréfamarkaði, lífeyrissjóðir hafa fengið rýmri heimildir til fjárfestinga á First North, ekki þarf að koma til innlausnar hlutdeildarskírteina við samruna sjóða og réttaróvissa sem áður ríkti um heimildir hlutafélaga til kaupa á eigin bréfum hefur verið skýrð.

Til að þrýsta á enn frekari umbætur á verðbréfamarkaðnum stóðu SFF ásamt Kauphöllinni og fjármála- og

Sértryggð skuldabréfaútgáfa viðskiptabankanna

– samtals útistandandi og velta

Heimild: Seðlabanki Íslands.



efnahagsráðuneytinu fyrir fjölsóttum fundi í vor þar sem farið var yfir hvaða frekari breytinga er þörf. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar og Hannes Frímánn Hrólfsson, forstjóri Virðingar höfðu framsögu á fundinum.

Alþingi leggur við hlustir

Auk þess að fjalla um tillögur verðbréfaþóps SFF að úrbótum á markaðnum fjallaði Hannes um frumvarp sem Alþingi hafði til umfjöllunar um breytingu á lögum um skyldu-



Auk þess voru heimildir til að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum auknar.



tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í því frumvarpi var ekki gerð breyting á reglum um að lífeyrissjóðir megi einungis eiga 15% af hlutafé, hlutdeildarskírteinum og hlutum sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Hannes sagði að ef lög um 15% hámarkshlutdeild verði viðvarandi leiði það til þess að erfitt verður að fjármagna verkefni og færri verkefni komist á koppinn. Jafnframt sé líklegt að gerðar verði hærri arðsemiskröfur til þeirra verkefna sem tekst að fjármagna. Þetta gæti leitt til minni umsvifa í hagkerfinu til lengri tíma, minni hagvaxtar og þar af leiðandi lakari lífskjara. Í ljósi þessa þyrfti að hækka þetta hámark.

Á þetta var bent í umsögn SFF um frumvarpið sem varð svo síðar að lögum haustið 2016. Efnahags- og viðskiptanefnd tók tillit til þessarar ábendingar og var þessu breytt í meðferð þingsins. Það sama gildi um ábendingar samtakanna um flokkun áhættu vegna innlána, hlutabréfaeignar og fjárfestingar í sértryggðum skuldabréfum þegar kemur að lífeyrissjóðum. Auk þess voru heimildir til að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum auknar. Fallið var frá því að veita lífeyrissjóðum heimild til að taka þátt í viðskiptum á lánamarkaði með verðbréf. Þeim voru einnig settar strangari reglur um viðskipti í samræmi við reglur Evrópusambandsins og svokölluð „varfærnisregla“ eða „skynsemisregla“ var innleidd í lögin. ■

MiFID II – Miklar breytingar framundan á verðbréfamarkaði

Helstu breytingarnar sem eru framundan á íslenskum verðbréfamarkaði tengjast innleiðingu MiFID II tilskipunar Evrópusambandsins og MiFIR-reglugerðarinnar. Um er að ræða enn einn liðinn í viðbrögðum ESB við þeim breytingum sem fjármálakreppan árið 2008 afhjúpaði. Tilskipuninni er ætlað að treysta lagaumgjörð um fjármálagerninga með það að augnamiði að efla fjárfestavernd og tryggja eftirlitsstofnunum nægjanlegar valdheimildir.

Nefnd á vegum stjórnvalda vinnur nú að innleiðingu tilskipunarinnar og eiga SFF fulltrúa í nefndinni.

Tilskipuninni og reglugerðinni er ætlað að mynda umgjörð um allar tegundir viðskipta með fjármálagerninga og þar með talin háhraðaviðskipti (e. high frequency trading), sem hafa verið að ryðja sér til rúms á undanfórnum árum, og afleiðuviðskipti. Markmiðið er einnig að auka fjárfestavernd og efla eftirlitsstofnanir sem meðal annars fá heimildir til að stöðva eða takmarka markaðssetningu og dreifingu ákveðinna fjármálaafurða undir ákveðnum kringumstæðum. Þá felur tilskipunin einnig í sér samræmt fyrirkomulag um heimildir fjármálafyrirtækja utan EES til að starfa á hinum sameiginlega markaði.

Ákvæðið um hagsmunaárekstra er endurbætt í MiFID II, t.d. eru gerðar ítarlegri kröfur en áður varðandi skyldu fjármálafyrirtækja til að upplýsa viðskiptavinum um eðli og ástæður hagsmunaárekstra. Þá telst það brot á reglunum um hagsmunaárekstra ef fjármálafyrirtæki greiðir eða fær greitt einhverja þóknun í tengslum við fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu nema greiðslan sé til þess fallin að auka gæði þjónustunnar og komi ekki í veg fyrir að fjármálafyrirtækið uppfylli skyldur sínar að starfa af heiðarleika,

sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna.

Veita skal ítarlegri upplýsingar en áður um fjárfestingaráðgjöf. Þá er einnig nýmæli um eignastýringu, þ.e. að þegar slík þjónusta er veitt skuli fjármálafyrirtæki ekki taka við eða halda eftir þóknun, umboðslaunum eða fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi (sem er greiddur eða veittur af þriðja aðila).

Þá er nýtt ákvæði sem skyldar fjármálafyrirtæki til að tryggja að þegar það veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingaþjónustu sé starfsmönnum ekki umbunað á neinn hátt eða frammistaða þeirra metin þannig að það stangist á við skylduna um að hafa hagsmuni viðskiptavinar ávallt að leiðarljósi.

Þegar fjárfestingaþjónusta er í boði ásamt annarri þjónustu eða vöru eða sem hluti af pakka eða sem skilyrði fyrir sama samningi eða pakka, skal fjármálafyrirtækið upplýsa viðskiptavinum um það hvort hægt sé að kaupa einstakar einingar (e. components) þess pakka sérstaklega og veita þá upplýsingar um kostnað og gjöld fyrir hverja einingu. Upplýsingar skal sérstaklega um áhættuna sem fylgir svona kaupum.

Fjármálafyrirtæki skulu tryggja að þeir starfsmenn sem veita fjárfestingaráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga eða viðbótarþjónustu til viðskiptavina hafi yfir að búa nauðsynlegri þekkingu og hæfni.

Þá verður fjármálafyrirtækjum skylt, þegar þau afla upplýsinga við veitingu fjárfestingaráðgjafar eða sinna eignastýringu, að afla einnig upplýsinga um getu viðskiptavinarins til að bera tap og hvert áhættuþol hans er.

Eitt af því sem þeir nefndu var að fjármálaþjónusta á Íslandi væri dýrari en gengur og gerist á Norðurlöndum.

Hagræðing og rekstur grunninnviða

Efling samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar er eitt af mikilvægustu hagsmunamálum Samtaka fjármálafyrirtækja eins og fram kom í skýrslu sem ráðgjafarfyrtækið Oliver Wyman gerði fyrir SFF fyrir tveimur árum

SFF-dagurinn árið 2014 var helgaður spurningum um hvað fjármálageirinn geti gert til þess að efla samkeppnishæfni íslenska hagkerfisins. Meðal ræðumanna voru sérfræðingar frá ráðgjafarfyrtækinu Oliver Wyman. Eitt af því sem þeir nefndu var að fjármálaþjónusta á Íslandi væri dýrari en gengur og gerist

á Norðurlöndum. Í ljósi þessa væri nauðsynlegt að ráðast í uppstokkun á fjármálakerfinu til að efla samkeppnishæfni hagkerfisins alls. Bent var á að ef samkeppnisyrirvöld gæfu grænt ljós á samstarf fjármálafyrirtækja um rekstur stoðkerfa eins og bakvinnslu mætti ná fram umtalsverðri hagræðingu og lækkun vaxtamunar.

SFF ákváðu í framhaldinu að fá Oliver Wyman til að gera úttekt á því hvernig staðið er að sameiginlegum rekstri grunnkerfa fjármálamarkaða í nágrannalöndunum og hvaða tækifæri séu til hagræðingar í þeim efnum hér á landi.

Sameiginlegir fjármálagættir á Íslandi

– og tækifæri til frekara samstarfs

Heimild: SFF

Sameiginlegir eða útvistaðir innviðir

BANKAGEIRINN

Reiknistofa bankanna:

- Rauntímaauðkenning og greiðslukerfi
- Inn- og útlánakerfi.
- Kjarnakerfi hraðbanka og afgreiðslukerfa.

Advania:

- Notendaviðmót og miðlæg kerfi hraðbanka og afgreiðslukerfa gjaldkera.

Libra:

- Lána- og verðbréfakerfi.

Valitor, Borgun og Greiðsluveitan:

- Færsluhirðing.

TRYGGINGAGEIRINN

- CABAS: Sameiginlegt tjónamatskerfi vegna unferðarslysa.

Tækifæri til samstarfs og útivistunar

BANKAGEIRINN

Netbankar:

- Rekstur stórs hluta kjarnakerfa sem halda um lánveitingar, tryggingar og ábyrgðir.
- Alþjóðleg greiðslumiðlun.
- Greiðslur með snjallsímum og tækjum.
- Bakvinnsla.
- Rekstrarkerfi hraðbanka og afgreiðslukerfa gjaldkera.

TRYGGINGAGEIRINN

- Gagnakerfi
- Sameiginleg úrvinnsla tjónakrafna.
- Rekstur kjarnakerfa.

Þessi þróun hefur verið drifin áfram af alþjóðavæðingu og tækninýjungum, auk þátta á borð við flóknara regluverk, sem leitt hefur til aukins kostnaðar.

Niðurstöður úttektarinnar lágu fyrir vorið 2015. Þar kemur meðal annars fram að þróunin erlendis hafi verið á þá leið að fjármálagættir hafi í auknum mæli tekið höndum saman um rekstur slíkra grunnkerfa og eftir atvikum útvistað verkefnum sem snúa ekki að grunnrekstrinum. Þessi þróun hefur verið drifin áfram af alþjóðavæðingu og tækninýjungum, auk þátta á borð við flóknara regluverk, sem leitt hefur til aukins kostnaðar. Eins og bent er á í úttektinni hafa minni bankar í Danmörku og Svíþjóð heimild til samstarfs á þessu sviði og hefur það leitt til lægri kostnaðar og eftir samkeppnis-

stöðu þeirra gagnvart stærri bönkum. Sérfræðingar Oliver Wyman töldu að þarna væri að finna góða fyrirmynd fyrir íslenskt fjármálagættir, en verði tækifærin á þessu sviði og öðrum ekki nýtt sé hætt á að íslenskir bankar verði undir í samkeppni við erlend fjármálagættir.

SFF kynntu á sínum tíma niðurstöður Oliver Wyman fyrir Samkeppniseftirlitinu, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum auk þess að funda með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um málið. Í framhaldinu efndu samtökin til ráðstefnu með fulltrúum ofangreindra og annarra

**Samkvæmt mati
aðildarféлага
SFF gæti
sparnaðurinn
numið að
lágmarki 5.500
krónur á hvert
veðskuldabréf eða
sem nemur tæpum
300 milljónum á
ári hverju.**

haghafa. Segja má að ráðstefnan hafi veitt byr í seglin við vinnu að framgangi málsins. Á útmánuðum 2016 var svo ákveðið að Seðlabankinn myndi leiða þessa vinnu áfram.

Frá þeim tíma hefur verið unnið að nokkrum verkefnum sem lúta að sameiginlegum innviðum, samstarfi á sviði rekstrar stoðdeilda og annarra þátta sem geta leitt til aukinnar hagræðingar í fjármálakerfinu. Fyrr á þessu ári ýtti Seðlabankinn úr vör vinnu til að greina kosti þess að hér á landi sé rekið eitt sameiginlegt seðlaver fyrir öll fjármálafyrirtæki.

Annað mál sem snýr að samstarfi um innviði til að stuðla að auknu hagræði án þess að það bitni á samkeppni tengist rafrænum þinglýsingum. Stjórnvöld hafa unnið að innleiðingu rafrænna þinglýsinga á undanförunum árum en Íslendingar eru eftirbátar Norðurlandabjóðanna í þessum efnum. Í innanríkisráðuneytinu er nú unnið að frumvarpi um breytingu á þinglýsingarlögum sem getur orðið að lögum vorið 2017. Þjóðskrá Íslands rekur þinglýsingakerfið á Íslandi og heldur utan um hönnun tæknilegra útfærslna

sem varða rafrænar þinglýsingar. Innleiðing rafrænna þinglýsinga myndi skila augljósu hagræði. Samkvæmt mati aðildarféлага SFF gæti sparnaðurinn numið að lágmarki 5.500 krónur á hvert veðskuldabréf eða sem nemur tæpum 300 milljónum á ári hverju. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsdraga um breytingu á þinglýsingarlögum er ætlað að sýslumannsembættin muni spara 80 milljónir og auk þess er áætlað að afgreiðslutími mála styttest um þriðjung með innleiðingu rafrænna þinglýsinga.

Fyrir liggur að tölvukerfi fjármálafyrirtækja og annarra lánveitenda þurfa að geta tengst þinglýsingakerfinu. Auk tenginga lánveitenda við þinglýsingakerfið sjálft þurfa lánveitendur í ákveðnum tilvikum að geta haft rafræn samskipti sín á milli í tengslum við þinglýsingar. Á það fyrst og fremst við í þeim tilfellum þegar þeir þurfa að veita veðleyfi sem geta verið nauðsynleg til að þinglýsa megi réttindum. Þess vegna var það mat SFF að nauðsynlegt væri fyrir lánveitendur að sameinast um útfærslu á tæknilegri lausn sem hefur þann tilgang að lánveitendur geti

haft rafræn samskipti sín á milli þegar þess þarf. Til þess að þetta sé mögulegt er nauðsynlegt að útbúa svokallaða tæknilýsingu til að lýsa tæknilegri útfærslu á þessum þætti verkefnisins og er nú unnið að gerð hennar. Með því er gengið eins skammt í samstarfi lánveitenda og unnt er og lagt upp með að ekki verði um að ræða sameiginleg innkaup á hugbúnaði, en engu að síður verður því markmiði náð að tryggja að rafræn samskipti vegna rafrænna þinglýsinga geti gengið hnökralaust fyrir sig. Í skýrslunni sem Oliver Wyman vann fyrir SFF er bent á hvernig önnur fjármála-fyrirtæki hafi einnig náð fram mikilli hagræðingu gegnum samrekstur grunnkerfa eða útvistanir slíkra kerfa. Norsk váttryggingafyrirtæki hafa heimild til að reka sameiginlegan tjónagagnagrunn. Samstarfið hefur skilað miklum árangri við að koma í veg fyrir tryggingasvik sem hefur svo leitt til lægri iðgjalda. Samkvæmt skýrslunni hefur þetta leitt til sparnaðar sem nemur um 3-5% af heildariðgjöldum norskra tryggingafélaga. Miðað við heildariðgjöld skaðatryggingafélaganna hér á landi árið 2015 væri um að ræða



sparnað upp á 2,2 milljarða króna. Þessi leið er samt sem áður ekki greið vegna persónuverndarsjónarmiða. Sænsk tryggingafyrirtæki hafa þróað með sér slíkt samstarf en hins vegar fengu dönsk tryggingafélög ekki heimild frá stjórnvöldum til að ráðast í það vegna persónuverndarsjónarmiða.

Sumarið 2016 áttu fulltrúar Creditinfo fund með SFF um gerð slíks tjónagrunns. Þrátt fyrir að samtökin eigi ekki aðkomu að málinu sendu þau bréf til Persónuverndar þar sem lýst er yfir mikilvægi slíkra grunna fyrir baráttuna gegn váttryggingasvikum. Creditinfo hefur nú sent formlegt erindi til Persónuverndar um málið. ■

Miðað við heildariðgjöld skaðatryggingafélaganna hér á landi árið 2015 væri um að ræða sparnað upp á 2,2 milljarða króna.

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra og stuðla að því að starfs-skilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF vinna að jöfnum skilyrðum fyrir öll fjármálafyrirtæki sem keppa á sama markaði, án tillits til stærðar og eignarhalds. Samtökin hafa frjálsa samkeppni og frjálsa markaði í fjármála-starfsemi í forgrunni í störfum sínum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. SFF leggja áherslu á að traust og öflugt fjármálakerfi er forsenda efnahagsframfara og þess að atvinnulíf og heimili njóti góðrar fjármálaþjónustu.

SFF taka virkan þátt í hagsmunagæslu á alþjóðavettvangi en samtökin eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Evrópsku tryggingasamtökunum (IE). Virk þátttaka í erlendu samstarfi skiptir miklu máli fyrir samtökin, enda starfa íslensk fjármálafyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi, vegna mikilvægis útflutningsiðnaðar fyrir íslenska hagkerfið og hins evrópska lagaumhverfis sem gildir um starfsemi þeirra. ■



Starfsfólk SFF. Talið frá vinstri: Jóna Björk Guðnadóttir, Kristín Lúðvíksdóttir, Vigdís Halldórsdóttir, Örn Arnarson, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir og Yngvi Örn Kristinsson.

Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja

70

SFF

Arctica Finance

Kvika

Arion banki

Landsbankinn

Borgun

Landsbréf

Centra Corporate Finance

Lánasjóður sveitarfélaga

Íslandsbanki

Líftryggingafélag Íslands

Íslandssjóðir

Líftryggingamiðstöðin

Íslensk verðbréf

Lýsing



Okkar líftryggingar

Sjóvá

Sjóvá–Almennar líftryggingar

Sparisjóður Austurlands

Sparisjóður Höfðhverfinga

Sparisjóður Strandamanna

Sparisjóður Suður–Þingeyinga

Stefnir

T-Plús

Tryggingamiðstöðin

Valitor

Vátryggingafélag Íslands

Vörður tryggingar

Virðing





SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association